

Lög

I. Heiti, heimili og hlutverk

1. grein

Félagið heitir Vélin, félag véla-, efna- og iðnaðarverkfræðinema. Heimili þess er VR II, Háskóla Íslands. Merki félagsins er



2. grein

Tilgangur félagsins er:

1. Að gæta hagsmuna félagsmanna.
2. Að stuðla að góðri menntun og aðstöðu félagsmanna.
3. Að auka tengsl félagsmanna og viðhalda góðu félagslífi.
4. Að stuðla að auknum tengslum félagsmanna við atvinnulífið.

II. Félagsmenn

3. grein

Félagsmenn eru þeir einir sem skráðir eru til náms við véla-, efna- og iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands, og greitt hafa tilskilið skráningargjald. Öðrum nemendum innan verkfræði- og náttúruvísindasviðs er heimilt að skrá sig í félagið með samþykki stjórnar og verða fullgildir félagsmenn eftir að hafa greitt tilskilið gjald. Félagsmenn hafa einir atkvæðisrétt á félags- og aðalfundum. Stjórn félagsins ákveður skráningargjald félagsmanna. Skal innheimta skráningargjaldsins fara fram að hausti í byrjun kennsluárs. Einnig er boðið upp skráningu að vori en þá skal gjaldið vera að lágmarki 60% af skráningargjaldinu fyrir heilt ár. Stjórn félagsins lætur útbúa félagsskírteini, sem afhenda skal hverjum félagsmanni, er hann hefur greitt skráningargjald sitt. Erlendir skiptinemar við véla-, efna- og iðnaðarverkfræði geta fengið skráningargjöld felld niður.

4. grein

Reikningsár félagsins er á milli aðalfunda. Reikningum félagsins skal lokað 4 dögum fyrir aðalfund og skilað til endurskoðenda félagsins tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

5. grein

Félagsmenn Vélarinnar skulu koma fram við samnemendur sína af virðingu og kurteisi.

III. Aðalfundur

6. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og er lögmætur er 2/5 hlutar virkra meðlima sækja hann. Virkur meðlimur telst hver sá sem hefur sótt a.m.k einn viðburð á skólaárinu. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar með viku fyrirvara hið skemmsta. Til hans skal boða með áberandi auglýsingum á vefsíðu félagsins og með tölvupósti. Aðalfund skal halda að vori ár hvert.

Tillögur til lagabreytinga skal leggja fram og birta eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund, sbr. 2.ml. 10.gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema annars sé getið í lögum þessum. Stjórnin skal skipa fundastjóra eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Fundarstjóri skal annast framkvæmd og undirbúning stjórnarkjörs. Fundarstjóri er ekki kjörgengur á aðalfundi félagsins og má ekki sitja í stjórn þess.

7. grein

Ekki er hægt að halda aðalfund og kjósa nýja stjórn án þess að búið sé að stela fána eða lukkudýrir frá öðru nemendafélagi, þessi fáni/lukkudýr má þó ekki vera sá sami, en þegar búið að ræna hlut frá einu nemendafélagi má ekki gera það aftur til þess að uppfylla þessa grein, það er þó hvatt til þess að ræna mörgum hlutum frá sama félaginu í skemmtana skyni

8. grein

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Stjórnin leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Umræður um skýrslur og reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
6. Kosning trúnaðarmanna - {tveir fulltrúar}.
7. Kosning forseta undirbúningsnefndar um Hönnunarkeppni félagsins.
8. Kosning íþróttafulltrúa.
9. Kosning endurskoðanda.
10. Önnur mál.
11. Hin nýkjörna stjórn tekur formlega við völdum.

Aðalfundur getur ákveðið að kosning skv. 6. - 11. tl. 1.mgr. 13.gr. fari fram á framhaldsaðalfundi, þó ekki síðar en að viku liðinni. Skal hann auglýstur með 2 daga fyrirvara.

9. grein

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Tillögum til lagabreytinga skal skila til stjórnar félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund og þær auglýstar skv. 5.gr. Nái tillaga til lagabreytinga samþykki 2/3 hluta fundarmanna, fær hún gildi. Tillögur til breytinga á lögum verða ekki teknar til meðferðar nema 2/5 hlutar virkra félagsmanna hið fæsta sæki fundinn.

10. grein

Nú hefur tillaga til lagabreytinga komið fram á réttum tíma, en ekki er viðstaddur tilskilinn fjöldi félagsmanna skv. 8.gr, skal þá efna til framhaldsaðalfundar um tillöguna. Er sá fundur lögmaður og ályktunarfær um lagabreytinguna án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana.

11. grein

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi félagsins eða á rafrænum vettvangi Uglu og til eins árs í senn. Sitjandi stjórn metur að hverju sinni hvor kosturinn hentar betur. Stjórn félagsins skal skipuð sex einstaklingum sem kosnir eru í eftirfarandi röð, einn í senn:

1. Forseta sem boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Hann skal hafa oddaatkvæði á stjórnarfundum. Forseti er jafnframt formaður hagsmunaráðs og skal vera fulltrúi félagsins í Félagi verkfræðinema. Forseti er jafnframt fulltrúi nemenda í véla-, efna og iðnaðarverkfræði á deildar- og fræðasviðsfundum ásamt því að sitja í stjórn Náttverks.
2. Gjaldkera sem sér um öll fjármál félagsins, og situr deildarráðsfundi hafi stúdentar rétt til fleiri en þriggja fulltrúa. Hann er jafnframt varaforseti Vélarinnar og gjaldkeri Félags verkfræðinema fjórða hvert ár.

3. Skemmtanastjóra sem skal auka tengsl félagsmanna með skoðunarferðum og öðrum viðburðum.
 4. Ritara sem skrifar fundagerðir og varðveitir þær og ber ábyrgð á allri útgáfu félagsins þ.m.t. vefsíðu félagsins.
 5. Kynninga- og hagsmunafulltrúa sem skal vera fulltrúi Vélarinnar í árshátíðarnefnd FV og bera ábyrgð á kynningarstarfsemi félagsins auk þess að taka við ábendingum og athugasemdum um hagsmuni frá nemendum, einnig sér kynningar- og hagsmunafulltrúi sér um að vera ljósmyndari vélarinnar og sér um samfélagsmiðla.
 7. Meðstjórnanda. Ef stjórnarmeðlimur víkur úr stjórn tekur meðstjórnandi við hlutverki hans, nema ef um forseta er að ræða, þá tekur gjaldkeri við og meðstjórnandi tekur hlutverk gjaldkera, eða stjórn kýs nýjan gjaldkera innbyrðis.
- Kosning skal vera leynileg. Aðeins þau atkvæði sem greidd eru á aðalfundi, eru gild í stjórnarkjöri.

12. grein

Ef frambjóðendur til forseta eru fleiri en tveir og enginn þeirra hlýtur meira en 50% atkvæða skal fara fram önnur umferð kosninga um forseta. Þá skal aðeins kjósa á milli tveggja atkvæðamestu frambjóðendanna úr fyrri umferð og sigrar sá sem hlýtur fleiri atkvæði í þeirri seinni.

13. grein

Nýkjörin stjórn tekur formlega við völdum á aðalfundi með hátíðlegri skotaathöfn. Sérhver meðlimur fráfarandi stjórnar velur þrjá drykki og skal hann taka skot af hverjum og einum drykk með nýkosnum arftaka sínum.

14. grein

Stjórn félagsins ræður málefnum þess með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum gagnvart öðrum aðilum.

15. grein

Stjórnarfundur skal boðaður með tryggilegum hætti og með eins dags fyrirvara, ef unnt er. Stjórnarfundur er ályktunarfær er þrír stjórnarmenn hið fæsta sækja fund og sitja. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum en forseti hefur úrslitaatkvæði ef þess krefst.

16. grein

Stjórninni er skylt að efna til almenns fundar, ef 1/3 félagsmanna óskar þess skriflega. Fundir eru lögmætir er 2/5 hlutar félagsmanna sækja þá. Almennir fundir skulu auglýstir tryggilega og með eigi minna en tveggja daga fyrirvara.

17. grein

Nú kemur fram vantraust á stjórn félagsins, og skal það þá hljóta sömu meðferð og afgreiðslu og lagabreytingar hvað snertir birtingarfrest, auglýsingu og samþykki. Nái vantraust fram að ganga skal fundarstjóri þess fundar boðaður til almenns félagsfundar innan tveggja vikna með tryggilegum hætti og a.m.k. viku fyrirvara. Skal þar kjósa bráðabirgðastjórn skv. almennum fundarsköpum, sem situr fram að næsta aðalfundi. Sömu reglur gilda ef stjórn félagsins segir af sér.

V. Hagsmunamál

17. grein

Varafulltrúi skal kosinn á aðalfundi og verður hluti stjórnarinnar ef einhver meðlimur hennar þarf að hætta störfum. Ef kjörinn forseti hættir verður gjaldkeri forseti og varafulltrúi tekur hans stað, annars gengur varafulltrúi í stöðu þess sem hætti.

18. grein

Aðalfundur kýs tvo fulltrúa sem trúnaðarmenn til eins árs í senn og skulu þeir hefja störf að vori. Trúnaðarmennirnir skulu vera af sitthvoru kyninu og verða um leið trúnaðarmenn NáttVerk, ásamt trúnaðarmönnum annarra nemendafélaga innan NáttVerk. Trúnaðarmennirnir skulu vera aðgengilegir í gegnum netföng sem birt verða á vefsíðu Vélarinnar og annarra félaga innan NáttVerk. Ef upp kemur mál meðal nemenda er þeim heimilt að leita til trúnaðarmannanna en trúnaðarmanni er með öllu óheimilt að ræða slík trúnaðarmál án leyfis viðkomandi. Trúnaðarmenn skulu vera í samskiptum við mannauðsdeild og nemendapjónustu sviðsins ef upp koma flókin mál. Ef upp kemur vantrauststillaga á hendur stjórnar eða stjórnarmeðlimar má leita til trúnaðarmanns sem skal þá kanna hvort grundvöllur sé fyrir tillögunni. Trúnaðarmennirnir munu jafnframt sitja í hagsmunaráði. Formaður hagsmunaráðs skal vera forseti Félags véla-, efna- og iðnaðarverkfræðinema og hefur hann oddaatkvæði á fundum

ráðsins. Hlutverk hagsmunaráðs er að gæta hagsmuna félagsmanna. Forseti Félags véla-, efna- og iðnaðarverkfræðinema situr jafnframt í námsnefnd. Námsnefndarfulltrúar eru jafnframt nemendaráðgjafar á deildarráðsfundum.

19. grein

Deildarfulltrúar skulu fara með málefni véla- og iðnaðarverkfræðinema á deildarfundum og gæta hagsmuna þeirra. Fulltrúar hagsmunaráðs, fulltrúi Heron, hagsmunafulltrúi á þriðja námsári og forseti félagsins skulu vera fulltrúar stúdenta á deildarfundum. Varamenn þeirra skulu vera stjórnarmeðlimir, gjaldkeri sem fyrsti varamaður. Forseti félagsins skal vera fulltrúi stúdenta á deildar- og deildarráðsfundum. Varamaður hans skal vera fulltrúi hagsmunaráðs á þriðja námsári.

20. grein

Vélar sjóðinn skal eingöngu nota til fjármögnunar á tækjum og aðbúnaði Vélarinnar. Samþykkt yfirlit sjóðsins skal svo kynnt á aðalfundi fyrir félagsmönnum.

VI. Hönnunarkeppni

21. grein

Aðalfundur kýs formann undirbúningsnefndar um Hönnunarkeppni félagsins. Hann skipar einn fulltrúa í nefndina og forseti Vélarinnar skipar annan. Þessir þrír aðilar sjá um allan undirbúning keppinnar í samstarfi við stjórn Vélarinnar.

22. grein

1. Nafn keppinnar er Hönnunarkeppni Véla- og iðnaðarverkfræðinema.
2. Kynna skal þrautina eigi síðar en 1. desember ár hvert og skal hún vera auglýst á netinu og með dreifingu veggspjalda.
3. Keppnin skal vera haldin fyrsta föstudag í febrúarmánuði, sé því komið við.
4. Óheimilt er að hafa auglýsingar á þeim hluta brautar sem farartæki ferðast yfir.
5. Aðalstyrktaraðilar keppinnar skulu ekki vera fleiri en tveir, en öllum er heimilt að styrkja keppnina og/eða gefa verðlaun, með samþykki undirbúningsnefndar. Formaður dómnefndar mun þá afhenda verðlaunin.

VII. Vélabrögð og Verkval

23. grein

Í upphafi skólaárs skal boða alla þriðja árs nema á fund um hlutverk ritstjóra Vélabragða og meðlim Vélarinnar í Verkvalsstjórninni. Allir sem stefna á að fara í náms- og útskriftarferðina, verði farið í slíka, mega bjóða sig fram í stjórnunarstöður og skal það gert á fundinum. Ef fleiri en þrír bjóða sig fram í ritstjórnina og/eða fleiri en einn býður sig fram í Verkvalsstjórnina skal efnt til leynilegra kosninga, en stjórn Vélarinnar ákveður hvernig hún fer fram.

24. grein

Ritstjórar Vélabragða skulu vera þrír útskriftarnemar úr véla-, efna- eða iðnaðarverkfræði. Þeir munu alfarið sjá um útgáfu blaðsins Vélabrögð en í því felst skipulag styrktarauglýsingasöfnunar, meðhöndlun reikninga, safnanir og skrif greina, samningur við prentsmiðju og ráðning umbrotsmanna. Ef stefnt er að því að halda í útskriftarferð að vori skulu Vélabrögð vera leið til þess að safna fyrir ferðinni og öllum þeim sem ætla í hana er leyfilegt að taka þátt. Annars skulu styrktarauglýsingar einungis fylla upp í kostnað við útgáfu blaðsins. Þeir sem taka þátt í styrktarauglýsingasöfnun skulu fá greitt í samræmi við söfnun þeirra eftir fyrirkomulagi sem ákveðið verður af ritstjórn í upphafi söfnunar. Ritstjórn fær 1,375 hlut ef minna en 4 milljónir safnast, 1,6 hlut ef meira en 4 milljónir safnast en 1,75 hlut ef meira en 5 milljónir safnast. Hver sá sem ekki fer í útskriftarferðina (námsferð) getur ekki þegið greiðslu úr fjáröflun Verkvals né Vélabragða.

25. grein

Meðlimur Vélarinnar í Verkvalsstjórn skal vera einn af þremur stjórnendum Verkvals, hinir koma úr VIR og Nögllum. Verkvalsstjórnin sér um pantanir, innkaup og vaktaskipulag. Stjórn Verkvals skal gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að söfnunin fyrir útskriftarferðirnar gangi sem best, en stjórnin fær tvöfaldan hluta þegar kemur að greiðslu í lok skólaárs.

VIII. Ýmis ákvæði

26. grein

Sett verður upp mynd af stjórn Vélarinnar í Vélar stofnunni og er það verk kynningarfulltrúa þeirrar stjórnar sem við á.

27. grein

Staða nýnemafulltrúa skal auglýst í byrjun skólaárs og nýnemar hafa þá einnar viku umsóknarfrest. Stjórnin skal velja einn fulltrúa eigi síðar en tveimur vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Sá skal vera tengiliður fyrsta árs nema við stjórn Vélarinnar. Einnig situr nýnemafulltrúi stjórnarfundi og hefur þar atkvæðisrétt.

28. grein

Íþróttafulltrúi skal kosinn á aðalfundi, sbr. 7.gr. 1.mgr. til eins árs í senn. Hlutverk hans er að hafa umsjón með íþróttalífi félagsins og sjá um tengsl þess við íþróttamót Háskóla Íslands.

29. grein

Aðalfundur kys tvo alþjóðafulltrúa til eins árs í senn skv 7. gr. 1.mgr. Skulu þeir ekki sitja á sama námsári. Hlutverk þeirra skal annars vegar vera að efla tengsl Vélarinnar við alþjóðleg samtök, eins og IAESTE. Hins vegar skulu þeir bera ábyrgð á því að kynna félagsstarfið fyrir skiptinemum við sviðið og sjá til þess að auglýsingar og tilkynningar verði bæði birtar á íslensku og ensku.

30. grein

Félagið fer eftir almennum fundarsköpum.

31. grein

Nú kemur fram tillaga um að félaginu skuli slitið og skal hún þá sæta sömu meðferð og tillaga til lagabreytinga skv. 8. gr. sbr. 14.gr Ákvæði 9. gr. eiga ekki við um slíka tillögu.

32. grein

Sé félaginu slitið skulu eignir þess fengnar iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar til varðveislu, þar til vélaefna-og iðnaðarverkfræðinemar stofna annað félag, sem ótvírætt telst arftaki hins fyrra félags, og fær það þá eignirnar.

33. grein

Að loknum aðalfundi ár hvert skal stjórn félagsins gefa út gildandi lög þess og hafa þau aðgengileg öllum félagsmönnum.

34. grein

Þrjá efstu Vísindamenn ársins, þ.e. þeir sem sækja flestar vísindaferðir og hafa stystan skráningartíma, skal verðlauna á aðalfundi Vélarinnar ár hvert.

35. grein

Útnefna skal kvikmyndafulltrúa á haustönn. Kvikmyndafulltrúi Vélarinnar, í samvinnu við hin aðildarfélög FV sér um upptökur af félagslífi deildarinnar, og hefur yfirumsjón með árhátíðarmyndbandi á árhátíð Félags verkfræðinema. Kvikmyndafulltrúi skal sýna ábyrgð og heiðarleika í starfi sínu og bera virðingu fyrir sammendum sínum.

36. grein

Í upphafi hvers skólaárs skal kosið í embætti aðstoðar skemmtanastjóra hann er sérstakur aðstoðamaður skemmtanastjóra, en sá er sérstakur aðstoðamaður hans og hefur fullt vald skemmtanastjóra í fjarveru hans sem og hann hjálpar til við dagleg störf skemmtanastjóra, hann er kjörinn af stjórn. Þar á meðal stemningu í rútu, fylgjast með svartalistanum og önnur tilfallandi störf.

37. grein

Félagsmönnum, og stjórn Vélarinnar, er ekki skylt að fylgja lögum og reglum Nagla í skíðaferð FV.

38. grein

Verði félagsmaður Vélarinnar uppvís af óviðeigandi háttarni, svo sem kynferðislegri áreitni eða öðru ofbeldi hefur stjórn félagsins heimild til að vísa viðkomandi úr félaginu, eða einstökum viðburðum þess.

39. grein

Theme lag Vélarinnar er VR-þvo.

https://www.youtube.com/watch?v=oLw64geFZ00&ab_channel=S%C3%A6valdur%C3%96rnHar%C3%B0arson

Hefst á 0:34 og endar 2:10.